FW: Óskað er eftir umsögn fyrir Garðabæ - 2208190

Til	:	Skjalavarsla skjaladeild;
Frá	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar
Heiti	:	FW: Óskað er eftir umsögn fyrir Garðabæ - 2208190
Málsnúmer	:	2209904
Málsaðili	:	Garðabær
Skráð dags	:	28.09.2022 15:54:05
Höfundur	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar
	Viðhengi	image001.jpg ~WRD0002.jpg

Kveðja,
Sigurbjörg H. Hauksdóttir
Þjónustustjóri þjónustuver
441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

From: Anna María Guðmundsdóttir
Sent: miðvikudagur, 28. september 2022 15:26
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar
Subject: Óskað er eftir umsögn fyrir Garðabæ - 2208190

Góðan daginn
Óskað er eftir umsögn vegna neðangreinds máls fyrir Garðabæ. Vinsamlegast skilið inn umsögnum vegna skipulagslýsingarinnar á netfangið skipulag@gardabaer.is eða í Þjónustuver fyrir 26. október 2022.
https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/skipulags-og-matslysing

Skipulags- og matslýsing

Samgöngu- og þróunarás Garðabæ (Þróunarsvæði A og Hafnarfjarðarvegur)

Rammahluti aðalskipulags og deiliskipulagsáætlanir

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt skipulags- og matslýsingu fyrir gerð rammahluta aðalskipulags Garðabæjar og deiliskipulagsáætlanir fyrir þróunarsvæði A, skv. aðalskipulagi Garðabæjar, ásamt Hafnarfjarðarvegi milli bæjarmarka, skv. 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Innan skipulagssvæðisins er Hafnarfjarðarvegur ásamt tengingum við Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Álftanesveg. Beggja vegna Hafnarfjarðarvegar eru íbúðarhverfi og vestan Hafnarfjarðarvegar er Lyngássvæðið, þar sem iðnaður og þjónusta hefur á undanförnum árum vikið að hluta til fyrir nýrri íbúðabyggð. Austan Hafnarfjarðarvegar er m.a. miðsvæði Garðabæjar og íþrótta- og skólasvæði. Stutt er í útivistarsvæði við Arnarnesvog og bæjargarð við Hraunsholtslæk.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er m.a. að skilgreina nánar legu Borgarlínu og staðsetningu Borgarlínustöðva eftir Hafnarfjarðarvegi, fyrirkomulag þess hluta Hafnarfjarðarvegar sem fer í stokk, og uppbyggingu og þéttleika í nýjum bæjarkjarna og nálægum uppbyggingarsvæðum.

Fjallað verður um áhrif deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Lýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Hægt er að skila inn ábendingum vegna lýsingarinnar á netfangið skipulag@gardabaer.is eða í þjónustuver til og með 25. október 2022.

Með kveðju
Anna María Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri tæknideildar Garðabæjar
525-8505
annamg@gardabaer.is

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026